

Þriðjudagur, 14. desember 2010

Ákvörðun nr. 33/2010

Samkeppnishömlur Haga, Kjarnafæðis, Kjötbankans, Kjötafurðastöðvar KS, Norðlenska, Reykjagarðs og Sláturfélags Suðurlands í tengslum við forverðmerkingar á kjötvörum

I.

Upphaf máls og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitið hefur haft til rannsóknar hvort verslanir Bónuss í eigu Haga¹ og tiltekin kjötvinnslufyrirtæki hafi með samningum, samþykktum eða samstilltum aðgerðum í tengslum við verðlagningu og endursölu á forverðmerktum matvörum brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Með ákvörðun þessari lýkur rannsókn Samkeppniseftirlitsins á þeim fyrirtækjum sem hún beindist að, að undanskyldum fyrirtækjunum Síld og fiski og Matfugli. Þáttur þeirra er enn til rannsóknar.

Forsaga rannsóknarinnar er að á fyrri hluta árs 2007 ákvað Samkeppniseftirlitið að taka til athugunar viðskiptasamninga birgja og matvöruverslana o.fl. með hliðsjón af því hvort þeir samræmdust ákvæðum samkeppnislaga. Var í því sambandi lögð áhersla á að afla upplýsinga um verðþróun tiltekinna vörflokka og -tegunda og verðmyndun þeirra. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að aflokinni yfirferð yfir þá viðskiptasamninga sem eftirlitið hafði aflað var sú að allmargir þeirra fælu í sér ákvæði sem kynnu að raska samkeppni og gætu með því farið gegn samkeppnislögum, sbr. skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2008, *Viðskiptasamningar birgja og annað samstarf fyrirtækja á matvörumarkaði*, en hún kom út þann 20. maí 2008. Í skýrslunni var eftirfarandi tekið fram: „Á þessu stigi tekur Samkeppniseftirlitið ekki afstöðu til þess hvort samningar einstakra fyrirtækja brjóti gegn bannákvæðum samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið fylgir hins vegar þessari athugun eftir með sérstökum stjórnsluathugunum þar sem kannað er hvort tiltekin fyrirtæki hafi brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga.“

Í tengslum við gerð umræddrar skýrslu gerði Samkeppniseftirlitið verðkönnun í þrettán matvöruverslunum, þar sem m.a. var kannað verð á kjöti og vörum unnum úr kjöti. Í verðkönnuninni sem gerð var í apríl 2008 kom í ljós að tilteknar framleiðsluafurðir, s.s. pakkað kjöt og aðrar meira unnar kjötvörur (t.d. álegg, pylsur, kæfa og fleira) sem og

¹ Hagar hf. reka þrjár matvörukeðjur hér á landi, Bónus, Hagkaup og 10-11. Rannsókn þessa máls beindist aðeins að verslunum Bónuss. Skilyrði sáttar sem Hagar hafa fallist á að hlíta og nánar verður gerð grein fyrir síðar eiga hins vegar einnig við um allar matvörukeðjur í eigu Haga.

kjúklingur og kjúklingaafurðir eru verðmerktar fyrirfram fyrir verslanir með svokölluðu leiðbeinandi smásöluverði. Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að mjög lítil verðmunur var á milli verslana á þeim kjötafurðum sem voru verðmerktar með leiðbeinandi smásöluverði. Engin verslun var með eigin verðmerkingar á slíkum vörum en þó voru dæmi um að lágvöruverðsverslanir byðu fastan afslátt við búðarkassa. Á hinn bóginn var verð á öðrum vörum sem verslanir verðmerkja sjálfar og kannaðar voru mjög breytilegt eftir verslunum og gat verðmunur í sumum tilvikum numið allt að tugum prósentu. Af þessu taldi Samkeppniseftirlitið að draga mætti þá ályktun að verðsamkeppni á milli matvöruverslana á þeim kjötvörum sem eru merktar með leiðbeinandi smásöluverði væri mjög takmörkuð þegar talsverð meiri verðsamkeppni virtist vera við sölu á öðrum vörum sem verslanir verðmerkja sjálfar.

Í lok nóvember árið 2007 gerði Samkeppniseftirlitið húsleit hjá m.a. Högum og fleiri fyrirtækjum á matvörumarkaði að fenginni heimild hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Tilefni leitarinnar var m.a. grunur um ólögmætt verðsamráð milli birgja og matvöruverslana. Við húsleitina var lagt hald á nokkurt magn gagna. Við skoðun á gögnum sem Samkeppniseftirlitið aflaði í húsleitinni hafa komið í ljós fjölmargir tölvupóstar og fleiri gögn sem sýna m.a. samskipti birgja á kjötmarkaði annars vegar og forsvarsmanna Bónuss hins vegar um smásöluverð á kjötvörum.

Rannsókn Samkeppniseftirlitsins beindist í upphafi að því hvort verslanir Bónuss í eigu Haga og eftirfarandi birgjar hafi með samningum, samþykktum eða samstilltum aðgerðum í tengslum við verðlagningu og endursölu á forverðmerktum matvörum brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga:

- Kaupfélag Skagfirðinga svf. (Kjötafurðastöð KS)
- Kjarnafæði hf.
- Kjötbankinn ehf.
- Matfugl ehf.
- Norðlenska ehf.
- Reykjagarður hf. (Holta)
- Síld og fiskur ehf.
- Sláturfélag Suðurlands svf.

Á árunum 2008 og 2009 var aflað umfangsmikilla gagna frá kjötvinnslufyrirtækjunum, þ.m.t. afrit af tölvupóstssamskiptum þeirra við Bónus. Einnig var aflað frekari gagna frá Högum. Þá hefur Samkeppniseftirlitið átt fundi með umræddum fyrirtækjum.

Að mati Samkeppniseftirlitsins bentu gögn málsins til þess að umræddar forverðmerkingar fælu ekki einungis í sér *leiðbeiningu* um endanlegt smásöluverð heldur m.a. að verðið hafi verið umsamið fyrirfram af umræddum aðilum. Slík háttsemi, svokallað lóðrétt verðsamráð, fer gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Þann 5. júlí 2010 var framangreindum aðilum sent andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins. Í andmælaskjalinu var komist að þeirri frumniðurstöðu að Hagar og umrædd átta kjötvinnslufyrirtæki hefðu með lóðréttu verðsamráði brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga í tengslum við smásöluverðlagningu á kjötvörum í verslunum Bónuss.

Í kjölfar birtingar andmæskjalsins sneru Haga sér til Samkeppniseftirlitsins og óskuðu eftir því að ljúka málinu með sátt, en samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið lokið málum með sátt ef fyrirtæki sem til rannsóknar eru stíga fram og viðurkenna brot á samkeppnislögum. Þann 27. september 2010 nýtti Samkeppniseftirlitið sér heimild samkeppnislaga og gerði sátt við Haga.

Í framhaldi af sátt Samkeppniseftirlitsins við Haga sneru annars vegar Sláturfélag Suðurlands og Reykjagarður² og hins vegar Kaupfélag Skagfirðinga sér til Samkeppniseftirlitsins og óskuðu eftir því að ljúka málum sínum með sáttum. Sáttir við umrædd kjötvinnslufyrirtæki voru undirritaðar þann 1. október 2010. Kjötvinnslufyrirtækin Norðlenska og Kjarnafæði höfðu í kjölfarið samband við Samkeppniseftirlitið og lauk málum þeirra með sáttum sem undirritaðar voru annars vegar þann 6. október 2010 og hins vegar þann 8. október 2010. Í sáttum þessum fólst að framangreind fyrirtæki játuðu brot á 10. gr. samkeppnislaga, greiddu sektir og féllust á að breyta hegðun sinni á markaðnum.

Sátt var einnig gerð vegna brota Kjötbankans og undirritaði forsvarsmaður Brúarhöfða (móðurfélags) sáttina þann 12. nóvember 2010.

Síld og fiskur og Matfugl óskuðu eftir sáttaviðræðum við Samkeppniseftirlitið en þær viðræður skiluðu ekki niðurstöðu. Þáttur þessara fyrirtækja er því enn til rannsóknar og er í þessu máli engin afstaða tekin til ætlaðra brota þeirra.

II.

Niðurstaða

Mál þetta tekur til brota Haga, í gegnum verslanir Bónuss, og kjötvinnslufyrirtækjanna Kjarnafæðis, Kjötbankans, Kjötufurðastöðvar KS, Norðlenska, Reykjagarðs og Sláturfélags Suðurlands á 10. gr. samkeppnislaga með samningum, samþykktum eða samstilltum aðgerðum í tengslum við verðlagningu og endursölu á forverðmerktum kjötvörum.

Í 17. gr. f samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. lög nr. 52/2007, segir að hafi fyrirtæki gerst brotlegt við ákvæði laganna sé Samkeppniseftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt. Í 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 segir að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt. Samkvæmt ákvæðinu getur sátt m.a. falist í því að málsaðili viðurkenni brot á samkeppnislögum og fallist á að greiða stjórnvaldssekt vegna þess. Sátt getur einnig falist í því að málsaðili fallist á að breyta tiltekinni hegðun sinni á markaðnum eða hlíta fyrirmælum eða skilyrðum sem ætlað er að vernda eða efla samkeppni. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

Eins og fram hefur komið hafa Samkeppniseftirlitið og framangreind fyrirtæki gert með sér sátt um niðurstöðu málsins. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins á brotum þeirra á samkeppnislögum er lokið með þeim hætti sem rakið verður í þessari ákvörðun.

² Reykjagarður er alfarið í eigu Sláturfélags Suðurlands og mynda fyrirtækin því eina efnahagslega einingu.

1. Skilgreining markaða

Þar sem um lóðrétt verðsamráð er að ræða varðar mál þetta annars vegar umrædd fyrirtæki sem starfa við vinnslu og heildsöludreifingu á kjöti og kjötvörum og hins vegar smásölu á matvörum, þ.m.t. kjöti og kjötvörum. Færa má fyrir því rök að verkaskipting í starfsemi fyrirtækja endurspegli þá markaði sem þau starfi á. Þannig er vöruframleiðsla sérstakur markaður og hið sama gildir t.d. um smásöluverslun.

Eins og kemur fram í úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 14/2001 *Ágæti hf., Mata ehf. og Sölufélag garðyrkjumanna svf. gegn samkeppnisráði* og nr. 3/2004 *Ker hf., Olíuverslun Íslands hf., Skeljungur og Bensínorkan ehf. gegn samkeppnisráði* ráðast skilyrði fyrir því að beita 10. gr. samkeppnislaga vegna t.d. verðsamráðs eða markaðsskiptingar ekki að öllu leyti af stöðu fyrirtækja á viðkomandi markaði. Er því almennt séð umtalsverður munur á þýðingu markaðsskilgreiningar eftir því hvort um er að ræða mál sem varða brot á annars vegar 11. gr. samkeppnislaga og hins vegar 10. gr. eða 12. gr. laganna.³ Athugun á markaðnum getur hins vegar skipt máli við mat á því hvort minniháttarregla 13. gr. samkeppnislaga eigi við og við mat á alvarleika brotsins við ákvörðun stjórnvaldssekta.

Í eldri málum samkeppnisyfirvalda þar sem fjallað hefur verið um framleiðslu og heildsöludreifingu á kjöti hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að hver kjöttegund tilheyri sérstökum markaði.⁴ Samkeppniseftirlitið telur að sömu sjónarmið eigi við í þessu máli, þ.e. að hver kjöttegund tilheyri tilteknum markaði. Þeir kjötbirgjar sem um ræðir í málinu framleiða aðallega vörur úr lambakjöti, nautakjöti, svínakjöti, hrossakjöti og kjúklingakjöti. Samkeppniseftirlitið telur því eðlilegt að mörkuðum þessa máls verði skipt eftir umræddum kjöttegundum.

Í þessu sambandi telur Samkeppniseftirlitið jafnframt að rök geti staðið til þess að heildsala á fersku kjöti annars vegar (kjöti sem ekki hefur verið unnið frekar, t.d. með hvers konar kryddum, reykingu eða eldun) og unnum kjötvörum hins vegar séu aðskildir markaðir. Til fyrrnefnda flokksins telst allt ferskt kjöt og frosið, hvort sem það er selt í stórum eða litlum einingum, úrbeinað eða óúrbeinað.⁵ Til síðarnefnda flokksins telst hins vegar allt kjöt sem hefur verið unnið á einhvern hátt, s.s. með viðbættu kryddi, reykingu o.þ.h. Rök eru einnig fyrir því að skipta mörkuðum fyrir unnar kjötvörur í undirmarkaði eftir tegundum sem og að skipta mörkuðum fyrir unnar kjötvörur enn frekar í undirmarkaði eftir vörutegundum, t.d. í markað fyrir svínapylsur og markað fyrir sneitt

³ Sjá t.d. dóm undirréttar EB frá 17. desember 2009 í máli nr. T-57/01 *Solvay v Commission*: „... it must be borne in mind that the approach to defining the market differs according to whether Article 81 EC or Article 82 EC is to be applied. For the purposes of Article 82 EC, the proper definition of the relevant market is a necessary precondition for any judgment as to allegedly anti-competitive behaviour, since, before an abuse of a dominant position is ascertained, it is necessary to establish the existence of a dominant position on a given market, which presupposes that such a market has already been defined. On the other hand, for the purposes of applying Article 81 EC, the reason for defining the relevant market, if at all, is to determine whether the agreement, the decision by an association of undertakings or the concerted practice at issue is liable to affect trade between Member States and has as its object or effect the prevention, restriction or distortion of competition within the common market ...”

⁴ Sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 25/2001 *Samningur Reykjagarðs hf. og Ferskra kjúklinga ehf. um slátrun og pökkun á kjúklingum*. Í ákvörðuninni var talið að sérstakir eiginleikar kjúklingakjöts leiddu til þeirrar niðurstöðu að takmörkuð staðganga væri á milli kjúklingakjöts og annarra tegunda af kjöti.

⁵ Sá skilningur hefur jafnframt verið staðfestur af framkvæmdastjórn EB, sjá ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í málum nr. M.3337 *Best Agrifund/Nordfleisch* og M.3968 *Sovion/Sudfleisch*. - M.5322 *Marfrig/OSI Group Companies*.

beikon.⁶ Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekki þörf á að greina markaðinn frekar í undirmarkaði þar sem flestar umræddar kjötvinnslur bjóða að meginstefnu til upp á svipaðar vörulínur innan hvernar kjöttegundar.

Að lokum telur eftirlitið að skilgreiningu á markaði fyrir vinnslu og heilðsöludreifingu á kjöti og kjötvörum í máli þessu beri að einskorða við sölu til matvöruverslana.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að þeir markaðir sem kjötvinnslufyrirtækin starfa á og varða mál þetta séu eftirfarandi:⁷

- Vinnsla og heilðsöludreifing á fersku svínakjöti til matvöruverslana.
- Vinnsla og heilðsöludreifing á unnu svínakjöti til matvöruverslana.
- Vinnsla og heilðsöludreifing á fersku nautakjöti til matvöruverslana.
- Vinnsla og heilðsöludreifing á unnu nautakjöti til matvöruverslana.
- Vinnsla og heilðsöludreifing á fersku lambakjöti til matvöruverslana.
- Vinnsla og heilðsöludreifing á unnu lambakjöti til matvöruverslana.
- Vinnsla og heilðsöludreifing á fersku kjúklingakjöti til matvöruverslana.
- Vinnsla og heilðsöludreifing á unnu kjúklingakjöti til matvöruverslana.
- Vinnsla og heilðsöludreifing á fersku hrossakjöti til matvöruverslana.
- Vinnsla og heilðsöludreifing á unnu hrossakjöti til matvöruverslana.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 64/2008 *Misnotkun Haga hf. á markaðsráðandi stöðu sinni*, sbr. og úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2009 *Hagar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu* var matvörumarkaðurinn skilgreindur sem sala á dagvöru í matvöruverslunum.⁸ Var sú skilgreining staðfest með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 19. febrúar 2010 í máli nr. E-7649/2009 og nú nýlega í dómi Hæstaréttar frá 18. nóvember 2010 í máli nr. 188/2010 *Hagar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Með dagvöru er átt við vörur sem uppfylla daglegar neysluþarfir neytenda og þurfa þessar verslanir að hafa á boðstólum ákveðið úrval af, t.d. matar-, drykkjar-, hreinlætis- og snyrtivörum. Sala á dagvöru hefur þannig verið aðgreind frá sölu á sérvöru en margar matvöruverslanir bjóða jafnframt upp á allnokkurt úrval sérværa, t.d. fatnað og búsáhöld. Þá hafa skýr skil verið gerð á milli sölu matvöruverslana á dagvörum annars vegar og sölu sérværa á matvöru hins vegar, s.s. í bakaríum og fisk- og kjötbúðum. Hvað varðar sölu bensínstöðva á dagvöru kom fram í nefndum úrskurði áfrýjunarnefndar að ekki væru nægjanleg rök fyrir því að sala þeirra gæti frá sjónarhóli neytenda fallið undir þann markað sem matvöruverslanir starfi á sökum þess að meginviðskipti bensínstöðvanna beindust að sölu á annars konar vöru en dagvöru. Í ljósi framangreinds telst því sá markaður sem verslanir Bónuss starfa á vera sala á dagvöru í matvöruverslunum.

Landfræðilegi markaðurinn í málinu er Ísland.

⁶ Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 14. febrúar 2002 í máli nr. COMP/M.2662 – Danish Crown/Steff Houlberg.

⁷ Athuganir Samkeppniseftirlitsins hafa leitt í ljós að sala umræddra kjötvinnslufyrirtækja á öðrum kjöttegundum (s.s. kalkúna- og hreindýrakjöti) til matvöruverslana er óveruleg. Verður því einungis miðað við tilgreindar kjöttegundir.

⁸ Sjá einnig t.d. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 18/1999 *Yfirtaka Baugs hf. á Vöruveltunni hf. og skýrslu Samkeppnisstofnunar, Matvörumarkaðurinn – Verðlagsþróun í smásölu 1996 til 2000*.

2. Staða aðila á markaðnum

Hvað varðar stöðu helstu kjötvinnslufyrirtækja telur Samkeppniseftirlitið að mat á markaðshlutdeild skipti hér mestu máli. Við ákvörðun á markaðshlutdeild er að jafnaði stuðst við upplýsingar hlutaðeigandi fyrirtækja um tekjur þeirra vegna sölu á vöru og/eða þjónustu sem um ræðir á síðasta heila almanaksári, sbr. t.d. ársreikninga eða árshlutauppgjör eða nánari sundurliðun á tekjum eftir því sem við á í hverju máli.

Samkvæmt upplýsingum aðila voru tekjur þeirra vegna sölu á kjötvörum til matvöruverslana og markaðshlutdeild miðað við þær tekjur í samræmi við það sem fram kemur í eftirfarandi töflum:

Tafla 1: Tekjur og markaðshlutdeild (miðuð við tekjur) á markaði fyrir vinnslu og heildsöludreifingu á fersku svínakjöti til matvöruverslana árið 2008. Tölur eru í þús. kr.

Fyrirtæki	Tekjur	Markaðshlutdeild
Sláturfélag Suðurlands	[...] ⁹	0-5%
Norðlenska	[...]	25-30%
Síld og fiskur	[...]	55-60%
Kjarnafæði	[...]	0-5%
Kjötbankinn	[...]	0-5%
Kjötafurðastöð KS	[...]	0-5%
Ferskar kjötvörur	[...]	5-10%
Samtals	[...]	100%

Tafla 2: Tekjur og markaðshlutdeild (miðuð við tekjur) á markaði fyrir vinnslu og heildsöludreifingu á unnu svínakjöti til matvöruverslana árið 2008. Tölur eru í þús. kr.

Fyrirtæki	Tekjur	Markaðshlutdeild
Sláturfélag Suðurlands	[...]	25-30%
Norðlenska	[...]	10-15%
Síld og fiskur	[...]	35-40%
Kjarnafæði	[...]	5-10%
Kjötbankinn	[...]	5-10%
Kjötafurðastöð KS	[...]	0-5%
Ferskar kjötvörur	[...]	10-15%
Samtals	[...]	100%

Tafla 3: Tekjur og markaðshlutdeild (miðuð við tekjur) á markaði fyrir vinnslu og heildsöludreifingu á fersku nautakjöti til matvöruverslana árið 2008. Tölur eru í þús. kr.

⁹ Upplýsingar innan hornklofa [...] eru trúnaðarupplýsingar og verða því ekki birtar í andmælaskjali þessu. Tölulegar upplýsingar kunna þó að vera birtar á tilteknu bili, t.d. [5-10]%.

Fyrirtæki	Tekjur	Markaðshlutdeild
Sláturfélag Suðurlands	[...]	5-10%
Norðlenska	[...]	65-70%
Síld og fiskur	[...]	0-5%
Kjarnafæði	[...]	5-10%
Kjötbankinn	[...]	0-5%
Kjötafurðastöð KS	[...]	0-5%
Ferskar kjötvörur	[...]	15-20%
Samtals	[...]	100%

Tafla 4: Tekjur og markaðshlutdeild (miðuð við tekjur) á markaði fyrir vinnslu og heildsölu dreifingu á unnu nautakjöti til matvöruverslana árið 2008. Tölur eru í þús. kr.

Fyrirtæki	Tekjur	Markaðshlutdeild
Sláturfélag Suðurlands	[...]	5-10%
Norðlenska	[...]	30-35%
Síld og fiskur	[...]	0-5%
Kjarnafæði	[...]	5-10%
Kjötbankinn	[...]	5-10%
Kjötafurðastöð KS	[...]	0-5%
Ferskar kjötvörur	[...]	45-50%
Samtals	[...]	100%

Tafla 5: Tekjur og markaðshlutdeild (miðuð við tekjur) á markaði fyrir vinnslu og heildsölu dreifingu á fersku lambakjöti til matvöruverslana árið 2008. Tölur eru í þús. kr.

Fyrirtæki	Tekjur	Markaðshlutdeild
Sláturfélag Suðurlands	[...]	10-15%
Norðlenska	[...]	35-40%
Síld og fiskur	[...]	0-5%
Kjarnafæði	[...]	5-10%
Kjötbankinn	[...]	0-5%
Kjötafurðastöð KS	[...]	35-40%
Ferskar kjötvörur	[...]	0-5%
Samtals	[...]	100%

Tafla 6: Tekjur og markaðshlutdeild (miðuð við tekjur) á markaði fyrir vinnslu og heildsölu dreifingu á unnu lambakjöti til matvöruverslana árið 2008. Tölur eru í þús. kr.

Fyrirtæki	Tekjur	Markaðshlutdeild
Sláturfélag Suðurlands	[...]	25-30%
Norðlenska	[...]	30-35%

Síld og fiskur (Ali)	[...]	0-5%
Kjarnafæði	[...]	25-30%
Kjötbankinn	[...]	0-5%
Kjötafurðastöð KS	[...]	0-5%
Ferskar kjötvörur	[...]	10-15%
Samtals	[...]	100%

Tafla 7: Tekjur og markaðshlutdeild (miðuð við tekjur) á markaði fyrir vinnslu og heildsöludreifingu á fersku kjúklingakjöti til matvöruverslana árið 2008. Tölur eru í þús. kr.

Fyrirtæki	Tekjur	Markaðshlutdeild
Reykjagarður	[...]	45-50%
Matfugl	[...]	45-50%
Ísfugl	[...]	0-5%
Kjötafurðastöð KS	[...]	0-5%
Samtals	[...]	100%

Tafla 8: Tekjur og markaðshlutdeild (miðuð við tekjur) á markaði fyrir vinnslu og heildsöludreifingu á unnu kjúklingakjöti til matvöruverslana árið 2008. Tölur eru í þús. kr.

Fyrirtæki	Tekjur	Markaðshlutdeild
Reykjagarður	[...]	30-35%
Matfugl	[...]	20-25%
Ísfugl	[...]	30-35%
Síld og fiskur	[...]	10-15%
Kjötafurðastöð KS	[...]	0-5%
Samtals	[...]	100%

Tafla 9: Tekjur og markaðshlutdeild (miðuð við tekjur) á markaði fyrir framleiðslu og heildsöludreifingu á fersku hrossakjöti til matvöruverslana árið 2008. Tölur eru í þús. kr.

Fyrirtæki	Tekjur	Markaðshlutdeild
Sláturfélag Suðurlands	[...]	0-5%
Síld og fiskur (Ali)	[...]	0-5%
Kjarnafæði	[...]	95-100%
Samtals	[...]	100%

Tafla 10: Tekjur og markaðshlutdeild (miðuð við tekjur) á markaði fyrir framleiðslu og heildsöludreifingu á unnu hrossakjöti til matvöruverslana árið 2008. Tölur eru í þús. kr.

Fyrirtæki	Tekjur	Markaðshlutdeild
Sláturfélag Suðurlands	[...]	25-30%
Norðlenska	[...]	15-20%
Kjarnafæði	[...]	50-55%
Samtals	[...]	100%

Þegar litið er á framangreindar töflur má sjá að þau kjötvinnslufyrirtæki sem mál þetta tekur til hafa flest sterka stöðu á einhverjum af hinum skilgreindu mörkuðum. Sem dæmi má nefna sterka stöðu Norðlenska á markaði fyrir ferskt nautakjöt, sterka stöðu Kjarnafæðis á markaði fyrir ferskt og unnið hrossakjöt og sterka stöðu Kjötafurðastöðvar KS á markaði fyrir ferskt lambakjöt. SS og Norðlenska hafa bersýnilega örugga stöðu á fleiri en einum hinna skilgreindu markaða. Í þessu máli er ekki tekin afstaða til stöðu Síldar og fisks og Matfugls.

Í áðurnefndri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 64/2008 *Misnotkun Haga hf. á markaðsráðandi stöðu sinni á matvörumarkaði*, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2009 og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 19. febrúar 2010 í máli nr. E-7649/2009, var komist að þeirri niðurstöðu að Hagar væru í markaðsráðandi stöðu. Að sömu niðurstöðu hefur verið komist í eldri málum, sbr. t.d. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 38/2002. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2010 *Yfirtaka Arion banka á 1998 ehf.* var komist að þeirri niðurstöðu að Hagar væru enn í markaðsráðandi stöðu á matvörumarkaði.

2. Um 10. gr. samkeppnislaga

Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 segir að allir samningar og samþykktir á milli fyrirtækja sem hafi það að markmiði eða af þeim leiði að samkeppni sé raskað séu bannaðir. Í 2. mgr. segir:

- „Bann þetta tekur m.a. til samninga, samþykpta og samstilltra aðgerða sem:*
- a. áhrif hafa á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti,*
 - b. takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu,*
 - c. skipta mörkuðum eða birgðalindum,*
 - d. mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra,*
 - e. setja sem skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.“*

Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga fjallar bæði um samninga milli fyrirtækja sem starfa á sama sölustigi (láréttir samningar) og samninga á milli fyrirtækja sem starfa á mismunandi sölustigum (lóðréttir samningar).

Samningur í skilningi 10. gr. samkeppnislaga er t.d. fyrir hendi þegar aðilar hans fylgja sameiginlegri áætlun, sem takmarkar eða er líkleg til að takmarka sjálfstæða hegðun þeirra á markaðnum með því að stuðla að sameiginlegum aðgerðum eða athafnaleysi. Samningur í skilningi 10. gr. laganna getur verið í hvaða formi sem er og verður að skýra hugtakið rúmt, sbr. dóm Hæstaréttar frá 30. október 2003 í máli nr. 37/2003.¹⁰ Samningur skv. 10. gr. getur þannig verið óundirritaður eða undirritaður, munnlegur eða skriflegur og þarf ekki að vera bindandi.¹¹ Hugtakið samningur í skilningi 10. gr. getur þannig tekið til ófullkomins eða lauslegs sameiginlegs skilnings aðila (e. *inchoate understandings*) og skilyrtra og afmarkaðra samninga sem í samningaferli leiða til endanlegs samnings.¹² Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að hugtakið samningur í skilningi samkeppnisréttarins hefur ekki sömu merkingu og hugtakið samningur samkvæmt samningarétti.¹³ Tilvist samnings getur birst í hegðun viðkomandi fyrirtækja, t.d. með reglulegum samskiptum um verðlagsmálefni. Um samning er að ræða ef fyrirtæki hafa á einhvern hátt lýst yfir sameiginlegum vilja sínum til að hegða sér á markaði með tilteknum hætti.¹⁴ Getur samningur falist í röð af aðgerðum eða tiltekinni framkvæmd.¹⁵ Tilvist samnings getur þannig komið fram í hegðun viðkomandi fyrirtækja, t.d. með reglulegum samskiptum um verðlagsmálefni.¹⁶

Í 10. gr. samkeppnislaga er gerður greinarmunur á samningi og samstilltum aðgerðum. Tilgangur þessa er að fella undir bann ákvæðisins hvers konar lauslegt samráð milli fyrirtækja, sem ekki hefur náð því stigi að teljast til samnings í skilningi 10. gr., er felur í sér að fyrirtækin vitandi vits hafa með sér samvinnu í stað þess að taka þá áhættu sem felst í því að keppa með sjálfstæðum hætti á markaðnum.¹⁷ Fyrirtæki gerast sek um samstilltar aðgerðir í skilningi 10. gr. samkeppnislaga ef þau á fundi, í símtali, í bréfi, í tölvupósti eða með öðrum hætti eiga viðræður eða skiptast á eða taka við upplýsingum um atriði sem hafa þýðingu fyrir verðákvörðun, skiptingu markaða eða önnur atriði sem falla undir ákvæðið, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004 *Ker hf., Olíuverslun Íslands hf., Skeljungur og Bensínorkan ehf. gegn samkeppnisráði*.

Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga segir að samningar og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja séu bannaðar þegar þær hafa að markmiði að hafa áhrif á t.d. verð. Þetta orðalag felur það í sér að ákvæðið telst brotið við það eitt að t.d. keppinautar hafa með sér einhvers konar samvinnu um verð, án tillits til þess hvort samvinnan hafi haft áhrif á markaðnum, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 30. október 2003 í máli nr. 37/2003. Ef samráð hefur ekki að markmiði að raska samkeppni verður að taka til athugunar hvort það geti haft slík áhrif, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 9/2008 *Hörður Einarsson gegn Samkeppniseftirlitinu*.

¹⁰ Sjá einnig: *Samkeppnisreglur* eftir Stefán Má Stefánsson bls. 38.

¹¹ Sjá *Samkeppnisreglur* bls. 38 og *Evrópusambandið og Evrópska Efnahagssvæðið* bls. 677-678, báðar eftir Stefán Má Stefánsson. Sjá einnig t.d. dóm dómstóls EB í *Sandoz v. Commission* [1990] ECR I-45.

¹² Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 1. október 2008 í máli nr. COMP/39.181- *Candle Waxes*.

¹³ Sjá hér ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli nr. E-3/97.

¹⁴ Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-7/89, *SA Hercules Chemicals NV v. Commission* [1991] ECR II-1711.

¹⁵ Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. C-49/92P *Commission v. Anic* [1999] ECR I-4125.

¹⁶ Sjá t.d. dóm dómstóls EB frá 7. janúar 2004 í sameinuðum málum nr. m.a. C-205/00 *Aalborg Portland v Commission*.

¹⁷ Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 48/69 *ICI v. Commission* [1972] ECR 619.

Jafnframt ber að hafa í huga að hugtakið markmið (e. *object*) í 10. gr. samkeppnislaga vísar ekki til huglægrar afstöðu þeirra sem standa að tilteknu samráði, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004. Markmið, t.d. samnings, í skilningi samkeppnisréttarins er þess í stað fundið með því að leggja hlutlægt mat á efni og eðli viðkomandi ráðstafana, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 7/2009 *Bændasamtök Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*. Af þessu leiðir óhjákvæmilega að 10. gr. samkeppnislaga gerir ekki þá kröfu að sýnt sé fram á ásetning til þess að raska samkeppni og ákvæðið bannar því samráð alveg án tillits til þess hvaða orsakir eða tilgangur kunni að liggja því til grundvallar.

2.1 Lóðréttir samningar og samstilltar aðgerðir

Lóðréttir samningar hafa verið skilgreindir sem samningar á milli fyrirtækja sem annast ekki sambærileg verkefni í framleiðslu og sölufærli vara og/eða þjónustu. Til þess að samningar milli fyrirtækja séu taldir lóðréttir samningar verða fyrirtækin því að starfa á mismunandi sölustigum. Almennt verður að líta svo á að samningar milli birgja og matvöruverslana eða annarra endursöluaðila teljist vera lóðréttir samningar í skilningi samkeppnislaga. Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga tekur einnig til samstilltra aðgerða milli fyrirtækja sem starfa á mismunandi sölustigum eða eru í lóðréttu viðskiptasambandi.¹⁸ Hugtakið samráð er samheiti fyrir m.a. samninga og samstilltar aðgerðir, sbr. 41. gr. a samkeppnislaga.

2.1.1 Lóðrétt verðsamráð

Lóðrétt verðsamráð¹⁹ á sér stað þegar aðilar á mismunandi sölu- eða framleiðslustigi, t.d. framleiðandi og endurseljandi, taka sig saman um að hafa áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti, t.a.m. með því að semja um endursöluverð á vöru til neytenda. Frumkvæði að slíku lóðréttu verðsamráði getur hvort heldur sem er komið frá framleiðanda eða endursöluaðila. Lóðrétt verðsamráð getur leitt af sér takmörkun á samkeppni á milli endursöluaðila. Þá eru einstakar tegundir lóðréttis verðsamráðs til þess fallnar að auka gagnsæi í verði sem auðveldað getur samráð á milli framleiðenda og/eða endursöluaðila.²⁰ Þessi hættu er m.a. til staðar þegar keppinautar á framleiðslustigi dreifa vörum sínum til sömu endursöluaðilanna.²¹

Fyrir liggur að lóðrétt verðsamráð telst alvarlegt brot á samkeppnisreglum. Í frumvarpi sem varð að lögum nr. 107/2000, en þau breyttu þágildandi samkeppnislögum, segir svo um a-lið 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga:

„... ljóst er að vart er að finna alvarlegri samkeppnistakmarkanir en þegar fyrirtæki koma sér saman um aðgerðir sem hafa áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör. Slíkt samstarf, sem fjallað er um í þessum staflið, getur komið í veg fyrir verðsamkeppni eða takmarkað hana verulega. Getur verið um að ræða t.d. samstarf um verð, afslætti eða álagningu milli tveggja eða fleiri framleiðenda, milli framleiðanda og dreifingaraðila eða á milli dreifingaraðila og smásala, t.d. um verð í endursölu.“

¹⁸ Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 100/80 MDF v Commission [1983] ECR 1825.

¹⁹ Nefnt á ensku „vertical price fixing“ eða „Resale price maintenance (RPM)“

²⁰ Ritter og Braun, European Competition Law: A Practitioner's Guide, 3. útg., bls. 285.

²¹ Sjá t.d. The pros and cons of vertical restraint, Konkurrensverket, 2008, bls. 146.

Telst lóðrétt verðsamráð hafa að markmiði að raska samkeppni og er því ekki nauðsynlegt að sýna fram á skaðleg áhrif þess í einstökum málum.²² Er því 10. gr. samkeppnislaga brotin við það eitt að fyrirtæki á mismunandi sölustigi grípi til þeirra aðgerða sem felast í lóðréttu verðsamráði.

Í lóðréttu verðsamráði geta falist aðgerðir sem hafa það að markmiði, beint eða óbeint, að endurseljandinn selji vöru á fyrirfram ákveðnu föstu verði eða lágmarksverði eða fyrirfram ákveðnu verðbili. Getur þetta t.d. fallið hér undir:

- Samráð um tiltekið endursöluverð.
- Samráð um lágmarks endursöluverð.
- Samráð um takmörkun á afslætti.
- Samráð um að afsláttur sé háður því að vara sé seld á ákveðnu verðbili.
- Samráð um að tengja endursöluverð við söluverð keppinauta.
- Samráð um álagningu eða framlegð endurseljandans.
- Samráð um álagningu eða framlegð framleiðandans/heildsalans.

2.1.2 Leiðbeinandi verð og hámarksverð

Árið 2002 voru á grundvelli samkeppnislaga settar reglur nr. 256/2002 um hópundanþágu fyrir flokka lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða (hér eftir nefnd hópundanþágan), sbr. einnig reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 898/2005. Með reglum var reglugerð framkvæmdastjórnar EB nr. 2790/1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða gerð hluti af íslenskum samkeppnisrétti.²³ Af þessu leiðir að íslenskur texti þessarar reglugerðar framkvæmdastjórnar gildir gagnvart lóðréttum samningum sem falla undir 10. gr. samkeppnislaga, sbr. þó þær aðlaganir sem fram koma í reglum nr. 256/2002.

Draga má saman kjarna þess sem felst í hópundanþágunni með eftirfarandi hætti:

1. Hópundanþágan tekur aðeins til samninga milli fyrirtækja sem starfa á mismunandi sölustigi (lóðréttrir samningar) og varða kaup, sölu eða endursölu á vöru eða þjónustu. Samningar milli raunverulegra og hugsanlegra²⁴ keppinauta falla því almennt ekki undir hópundanþáguna.²⁵

²² Sjá t.d. Richard Whish, *Competition Law*, sjötta útgáfa 2009 bls. 119: „*Price fixing is specifically cited as an example of an anti-competitive agreement in Article 81(1)(a) of the Treaty, and it is unsurprising that it is characterised as having its object the restriction of competition, whether horizontal or vertical.*” Sjá einnig The pros and cons of vertical restraint, Konkurrensverket, 2008, bls. 179: „*Article 81(1) has always been interpreted as automatically prohibiting the fixing of resale prices by agreement between a supplier and its purchaser. The ECJ has affirmed that RPM has the object of restricting competition, and therefore proof of the fact of RPM necessarily implies an infringement of Article 81(1); while exemption under Article 81(3) is theoretically possible, it has never actually been granted, and fines are considered appropriate for RPM infringements.*”

²³ Nú reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 330/2010. Varðandi þau atriði sem mál þetta tekur til er hin nýja reglugerð efnislega samhljóða hinni eldri. Sjá t.d. fréttatilkynningu framkvæmdastjórnar EB frá 20. apríl 2010: „*The basic principle remains that companies are free to decide how their products are distributed, provided their agreements do not contain price-fixing or other hardcore restrictions, and both manufacturer and distributor do not have more than a 30% market share.*” Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 330/2010 var innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 927/2010.

²⁴ Hugsanlegur keppinautur er t.d. endurseljandi sem gæti og er líklegur til að hefja samkeppni við birgi í innflutningi á vöru, ef samningur milli þeirra væri ekki fyrir hendi, ef lítil en varanleg hækkun verður á verði hinnar. Sjá 26. mgr. *Guidelines on Vertical Restraints*.

²⁵ Sjá þó 4. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnar EB nr. 2790/1999.

2. Lóðréttir samningar fyrirtækja njóta undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga að tveimur skilyrðum uppfylltum:
 - 2.1 Markaðshlutdeild er ekki yfir 30%, og
 - 2.2 samningurinn inniheldur ekki alvarlegar samkeppnishömlur.
3. Almenna reglan er sú að það er markaðshlutdeild birgisins sem skiptir máli eigi samningur að njóta undanþágu, nema þegar um er að ræða svokallaða einkasölusamninga en þá er það hlutur kaupandans sem skiptir máli.²⁶ Með einkasölu er átt við sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem veldur því að birgirinn má aðeins selja einum aðila viðkomandi vöru til tiltekinna nota eða endursölu.
4. Ef lóðréttur samningur, beint eða óbeint, inniheldur eftirtaldar alvarlegar samkeppnishömlur fellur hann ekki undir hópundanþáguna:
 - 4.1 Lóðrétt verðsamráð.
 - 4.2 Ákveðnar takmarkanir á því landsvæði eða þeim hópi viðskiptavina sem kaupanda er heimilt að selja samningsvörurnar.

Ef markaðshlutdeild er meira en 30% njóta lóðréttir samningar hins vegar ekki þeirrar undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga sem felst í hópundanþágunni.

Af hópundanþágunni leiðir að sé skilyrðið um 30% markaðshlutdeild uppfyllt er framleiðanda heimilt að ákveða hámarkssöluverð eða leiðbeinandi söluverð „að því tilskildu að það jafngildi ekki föstu verði eða lágmarkssöluverði vegna þrýstings eða hvatningar frá öðrum hvorum aðilanna.“, sbr. 4. gr. hópundanþágunnar. Til þess að undanþága þessi eigi við verður umrædd verðlagning þannig að vera í raun fullkomlega leiðbeinandi. Hvers konar bein eða óbein afskipti af endursöluverði gerir það að verkum að undanþágan á ekki við og háttsemin telst þá lóðrétt verðsamráð. Sú staðreynd að vara er verðmerkt af birgi getur t.d. gefið til kynna að um ólögmaett samráð sé í raun að ræða.²⁷

3. Brotin

Það hefur lengi viðgengist hér á landi að matvörur séu verðmerktar fyrirfram af framleiðendum varanna með leiðbeinandi smásöluverði. Þær matvörur sem hér um ræðir eru aðallega kjötvörur, s.s. álegg, kryddlegið kjöt, pylsur, kjúklingur og tilbúnir réttir. Verðmerking þessara vara fer þannig fram að um leið og þær eru vigtaðar og þeim pakkað hjá framleiðanda eru þær verðmerktar í samræmi við mælieiningarverð og þyngd pakkninganna. Vörur sem verðmerktar eru á þennan hátt eru því boðnar á sama leiðbeinandi smásöluverði í öllum verslunum nema verslanirnar auglýsi sjálfar afslátt frá hinu leiðbeinandi verði. Ljóst er að umfang forverðmerkinga hér á landi er umtalsvert. Einnig er ljóst að það eru ekki einungis vörur sem eru mismunandi að þyngd (s.s. unnið kjöt) sem eru forverðmerktar af framleiðendum. Vörur eins og t.d. álegg, kæfa, pylsur og tilbúnir réttir þar sem enginn munur er á þyngd pakkninga eru nánast án undantekninga forverðmerktar af framleiðendum.

²⁶ Í 9. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnar EB nr. 2790/1999 eru settar fram leiðbeiningar um hvernig beri að reikna út 30% markaðshlutdeildina.

²⁷ Sjá t.d. Van Bael & Bellis, *Competition Law of the European Community*, fimmta útgáfa 2010, bls. 194-195: „The operation of a price monitoring system by the supplier or the printing of recommended resale price on the product may provide supporting evidence for the effective enforcement of its recommended price as fixed resale price.“

Gögn í máli þessu sýna hins vegar að samvinna og samskipti umræddra kjötvinnslufyrirtækja (Kjarnafæðis, Kjötafurðastöðvar KS, Kjötbankans, Norðlenska, Reykjagarðs og Sláturfélags Suðurlands) annars vegar og Bónuss hins vegar fólu mun meira í sér en verðmerkingar vinnslanna á vörum að beiðni Bónuss. Í sáttum þeim sem umrædd fyrirtæki hafa undirritað felst að þau viðurkenna að hafa brotið 10. gr. samkeppnislaga með lóðréttu verðsamráði í viðskiptum með kjötvörur sem seldar voru til endursölu í verslunum Bónuss. Eins og nánar verður lýst fólst í þessu ólögumætt samráð um smásöluverð, afslátt frá smásöluverði og smásöluálagningu við sölu á vörum til neytenda.

Eins og áður er getið framkvæmdi Samkeppniseftirlitið húsleit hjá Högum þann 15. nóvember 2007. Hald var lagt á m.a. tölvuvert magn tölvupósta. Tölvupósta var jafnframt aflað frá kjötbirgjum, m.a. fyrir árin 2008 og fyrstu mánuði ársins 2009. Einnig voru þessir aðilar, hver um sig, beðnir um að gera grein fyrir viðskiptum og viðskiptaháttum sínum við Bónus. Tölvupóstarnir sýna að Bónus og þau kjötvinnslufyrirtæki sem ákvörðun þessi varðar hafa haft með sér nána samvinnu um m.a. smásöluverð á kjötvörum í verslunum Bónuss og afslætti frá því verði. Samskiptin ná yfir u.þ.b. fimm ára tímabil frá árinu 2005 til ársins 2009.

Í flestum tilfellum voru samskiptin þannig að kjötvinnslufyrirtækin sendu Bónusi tillögu að smásöluverði á tilteknum vörum og afslátt frá því verði. Viðbrögð forsvarsmanna Bónuss fólust ýmist í því að þeir samþykktu fyrstu tillögur vinnslanna eða gerðu breytingatillögur sem vinnslurnar brugðust við ýmist með samþykki, synjun eða nýjum tillögum. Tillögur kjötvinnslanna voru yfirleitt sendar í tengslum við sérstök tilboð, t.d. vikutilboð eða árstíðabundin tilboð, s.s. fyrir jól, þorrablót, páska eða verslunarmannahelgi. Í tilboðunum voru gjarnan settar fram eftirfarandi upplýsingar fyrir þær vörur sem um ræddi:

- Vörunúmer
- Vöruheiti
- Heildsöluverð
- Tillaga að smásöluverði
- Tillaga að afslætti frá merktu smásöluverði

Sem dæmi má nefna samskipti Bónuss og Kjarnafæðis í „viku 21“ árið 2006 um tilboðsverð á tveimur tegundum lambakjöts. Starfsmaður Kjarnafæðis sendi tölvupóst til starfsmanns Bónuss þar sem tilgreint var númer vöru, vöruheiti, heildsöluverð, smásöluverð og afsláttur frá smásöluverði. Starfsmaður Bónuss samþykkti tilboðið samdægurs. Er því að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að Bónus og Kjarnafæði hafa haft með sér ólögumætt samráð um smásöluverð og afslátt á umræddri vöru í þessu tilviki.

Þá má einnig í dæmaskyni nefna tölvupóstsamskipti Norðlenska og Bónuss frá því í júní 2008. Þar sendi starfsmaður Norðlenska starfsmanni Bónuss tölvupóst þar sem hann lýsti áhyggjum af dræmri sölu á tiltekinni tegund grillkjöts. Gerði hann tillögu um hækkun á smásöluverði en jafnframt að afsláttur í versluninni yrði aukinn. Bónus samþykkti að auka afslátt en að smásöluverðið lækkaði. Á það féllst Norðlenska. Er því ljóst að Bónus og Norðlenska hafa haft með sér samráð um smásöluverð og afslátt frá smásöluverði á tilgreindri vöru.

Hér má einnig nefna tölvupóstsamskipti á milli starfsmanna Sláturfélags Suðurlands og Bónuss frá því í apríl 2006 um „pýlsuherferð sumarsins“. Í pósti Sláturfélagsins var sett fram tillaga um heildsöluverð og óskað eftir tillögu Bónuss um útsöluverð. Tillaga Bónuss var á þá leið að smásöluverð yrði lægra en [...] kr. Sláturfélagið spurði þá hvert heildsöluverðið ætti að vera miðað við að útsöluverðið yrði „[...]“- út úr búð ?“. Bónus svaraði því til að heildsöluverðið ætti að vera [...] kr. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að í þessu tilviki hafi aðilar gert með sér samkomulag um heildsöluverð gegn því að ákveðið útsöluverð „út úr búð“ yrði í gildi. Er því ljóst að ekki var aðeins gert samkomulag um heildsöluverð heldur einnig smásöluverð. Er því um lóðrétt verðsamráð að ræða.

Í allmörgum tilvikum fylgdu útreikningar með tillögum birgja til Bónuss þar sem fram kom smásöluálagning Bónuss á tilgreindum vörum miðað við forsendur tilboðsins, þ.e. innkaupsverð þeirra, merkt smásöluverð og hugsanlegur veittur afsláttur frá því verði.

Dæmi um þetta eru t.d. samskipti milli starfsmanna Kjarnafæðis og Bónuss frá því í byrjun janúar 2007. Þá sendi Kjarnafæði tillögur til Bónuss um heildsöluverð og smásöluverð á um tuttugu tegundum af þorramat. Auk verðupplýsinga var einnig búið að reikna út smásöluálagningu í verslunum Bónuss á forsendum verðupplýsinganna. Bónus sendi þá tillögu til baka sem fól í sér breytingu á smásöluverði á nokkrum umræddum tegundum. Þá tillögu samþykkti Kjarnafæði. Er ljóst að um samráð um smásöluverð hefur verið að ræða í þessu tilviki. Hér má þó segja að viðkomandi kjötvinnslufyrirtæki hafi gengið skrefinu lengra en að gera tillögu að smásöluverði því auk þess tók fyrirtækið að sér útreikninga á smásöluálagningu á umræddum vörum fyrir verslanir Bónuss. Lágu þeir fyrir þegar hið endanlega smásöluverð var samþykkt af verslanakeðjunni.

Annað dæmi um samskipti af þessu tagi kom fram í tölvupóstsamskiptum á milli starfsmanna Reykjarðs og Bónuss frá því í maí 2008. Fyrsta póstinn sendi starfsmaður Bónuss þar sem hann óskaði eftir tilboði, svokallaðri „Bónus fernu“ þá vikuna. Reykjarður sendi tillögu um fjögur kjúklingavörumerki þar sem fram komu upplýsingar um heildsöluverð, framlegð Bónuss, afslátt við kassa og merkt útsöluverð. Bónus svaraði með tillögu að nýju heildsöluverði og breyttum afslætti frá smásöluverði. Reykjarður svaraði þá aftur með nýrri tillögu sem Bónus svo samþykkti. Er ljóst að um samráð um smásöluverð hefur verið að ræða í þessu tilviki auk þess sem Reykjarður hefur tekið að sér útreikning á framlegð eða smásöluálagningu Bónuss. Lá hann fyrir þegar verslunin tók ákvörðun um að samþykkja endanlegt smásöluverð.

Samkeppniseftirlitið telur að í öllum framangreindum tilvikum auk annarra sem leiddu til samkomulags um smásöluverð og/eða afslátt frá því verði hafi verið um lóðrétt verðsamráð milli Bónuss og umræddra kjötbirgja að ræða. Slíkt lóðrétt verðsamráð felur sem fyrr segir í sér brot á 10. gr. samkeppnislaga. Skiptir í því sambandi ekki máli hvor aðilinn átti frumkvæði að samskiptunum eða hver veitti hið endanlega samþykki fyrir tilteknu smásöluverði eða afslætti. Eftir sem áður er um lóðrétt verðsamráð að ræða sem fer gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Rétt er að geta þess einnig að mál þetta byggir ekki einungis á samskiptum um smásöluverð í verslunum Bónuss, heldur liggja einnig fyrir í málinu skriflegir samningar

milli Bónuss og tiltekinna kjötbirgja þar sem samið hefur verið um smásöluverð í verslunum Bónuss. Þannig gerðu Bónus og Kjötafurðastöð KS samninga um sölu á u.þ.b. tuttugu tegundum lambakjöts. Í samningunum var tilgreint magn hverrar tegundar, heildsöluverð og það verð sem varan var „verðmerkt á“. Var því í þessum samningum samið um smásöluverð á vörum í verslunum Bónuss. Þessir samningar fela því í sér lóðrétt verðsamráð sem er brot á 10. gr. samkeppnislaga.

Auk þeirra samskipta um verð sem áður eru rakin sendu kjötbirgjar tilkynningar um breytingar á smásöluverði á vörum til verslana Bónuss. Af upplýsingum sem aflað var frá kjötbirgjum er ljóst að breytingar á leiðbeinandi smásöluverði fóru þannig fram að föst smásöluálagning (sem þó gat verið mismunandi eftir vöruflokkum) var lögð ofan á heildsöluverð viðkomandi vara. Þau kjötvinnslufyrirtæki sem sendu slíkar tilkynningar um breytingar á smásöluverði hafa veitt þær skýringar að þetta fyrirkomulag hafi lengi tíðkast. Sama fasta hlutfallslega smásöluálagning hafi verið óbreytt á flestum vöruflokkum a.m.k. sl. 15-20 ár. Þá hafi umrætt fyrirkomulag komist á í samskiptum kjötvinnslu og stærstu matvörukeðjanna á þeim tíma, þ.e. um 1990. Svipaðar skýringar hafa verið settar fram af forsvarsmönnum Haga. Ljóst er því að a.m.k. Hagar (þar með talið verslanir Bónuss) og umrædd kjötvinnslufyrirtæki hafa fram til þessa dags viðhaldið umræddu samkomulagi aðila á markaðnum um fasta hlutfallslega smásöluálagningu á þeim kjötvörum sem merktar hafa verið með leiðbeinandi smásöluverði. Samkeppniseftirlitið telur að umræddar tilkynningar kjötvinnslufyrirtækjanna um smásöluverð og breytingar á því feli í sér samráð um fasta hlutfallslega smásöluálagningu ofan á heildsöluverð. Slíkt lóðrétt verðsamráð felur í sér brot á 10. gr. samkeppnislaga.

Tilvik af þessu tagi er t.d. frá september 2007 þegar Sláturfélag Suðurlands sendi tilkynningu til m.a. framkvæmdastjóra Bónuss þar sem tilgreint var um verðhækkun á 19 vörutegundum. Þar kom fram nýtt heildsöluverð og smásöluverð sem átti að taka gildi nokkrum dögum síðar. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að umrædd tilkynning Sláturfélagsins um hækkun á smásöluverði hafi verið hluti af samningi fyrirtækjanna um fasta smásöluálagningu á heildsöluverð. Þessi samningur og þar með þær breytingar á smásöluverði sem um ræðir fer því gegn 10. gr. samkeppnislaga.

4. Viðurlög

Í 37. gr. samkeppnislaga segir að Samkeppniseftirlitið leggi stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóti m.a. gegn bannreglum samkeppnislaga nema brotið teljist óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Eins og leiðir af orðalagi 1. mgr. 37. gr. er tilgangur ákvæðisins sá að varnaðaráhrif sekta stuðli að framkvæmd samkeppnislaga og þar með að aukinni samkeppni. Í 2. mgr. 37. gr. samkeppnislaga kemur m.a. fram að sektir geti numið allt að 10% af veltu hjá því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum. Við ákvörðun sekta ber skv. 1. mgr. 37. gr. laganna m.a. að hafa hliðsjón af eðli og umfangi samkeppnishamlna og hvað þær hafa staðið lengi. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2002, *Landssími Íslands hf. gegn samkeppnisráði*, segir að hér sé ekki um að ræða tæmandi talningu á þeim atriðum sem horfa má til við álagningu sekta. Hefur áfrýjunarnefndin talið að það megi einnig líta t.d. til stærðar fyrirtækja sem teljast brotleg, huglægrar afstöðu stjórnenda, hagnaðarsjónarmiða og eldri brota á samkeppnislögum, sbr. einnig t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. 3/2008, *Hf. Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Samkvæmt 17. gr. f samkeppnislaga er heimilt að ljúka málum með sátt ef fyrirtæki hafa gerst brotleg við ákvæði laganna. Sátt hefur jafnan þau áhrif að mál taka skemmri tíma og er því fyrir gripið til ráðstafana sem ætlað er að efla samkeppni. Sá samstarfsvilji sem felst í því að fyrirtæki gerir sátt leiðir til lægri sekta en ella, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008, *Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga.*

Hér á eftir verður nánar greint frá viðurlögum fyrirtækjanna. Rétt er að taka fram að öll hafa þau lagt áherslu á að ekki hafi verið um ásetning að ræða til þess að raska samkeppni og að við mat á eðli málsins verði að horfa til þess að löng hefð sé fyrir forverðmerkingum hjá öllum kjötvinnslufyrirtækjum á matvörumarkaði.

Við mat á sektum hafði Samkeppniseftirlitið m.a. hliðsjón af stöðu fyrirtækjanna á mörkuðum þessa máls. Hvað varðar kjötvinnslufyrirtækin var einnig við mat á sektum horft til hlutdeildar þeirra í sölu á kjötvörum til verslana Bónuss. Þá var litið til þess í hvaða röð aðilar óskuðu eftir að gera sátt við Samkeppniseftirlitið sem og samstarfsvilja þeirra við að upplýsa brotin og vilja þeirra til að gera breytingar í starfsemi sinni til frambúðar til að koma í veg fyrir að sambærileg brot á samkeppnislögum endurtaki sig. Einnig var höfð hliðsjón af upplýsingum, eftir því sem við átti, um fjárhagsstöðu fyrirtækjanna.

4.1 Viðurlög Hagar

Fyrir liggur að Hagar brutu gegn 10. gr. samkeppnislaga. Eins og áður er rakið var gerð sátt um málið við Samkeppniseftirlitið. Í sáttinni felst viðurkenning á framangreindum brotum og að félagið fellst á að greiða 270 milljónir króna í stjórnvaldssekt.

Við mat á fjárhæð sekta var meðal annars litið til þess að um var að ræða mjög alvarleg brot á 10. gr. samkeppnislaga sem voru til þess fallin að valda verulegri röskun á samkeppni á mikilvægum mörkuðum. Þá verður að líta til þess að Hagar eru fyrirtæki með verulega markaðshlutdeild og hefur verið skilgreint markaðsráðandi í fyrri málum, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2010 *Yfirtaka Arion banka hf. á 1998 ehf.* Brotin náðu einnig yfir langt tímabil.

Hins vegar var horft til þess að Hagar óskuðu að eigin frumkvæði eftir sáttaviðræðum og hefur fyrirtækið undanbragðalaust játað brot sín á samkeppnislögum. Einnig hefur fyrirtækið fallist á að hlíta fyrirmælum sem til þess eru fallin að efla samkeppni. Með þessum aðgerðum sínum hafa Hagar auðveldað og stytt rannsókn og málsmeðferð samkeppnisyfirvalda sem hefur jákvæð samkeppnisleg áhrif á hinum skilgreinda markaði. Er horft til þessa samstarfsvilja fyrirtækisins við mat á sektum. Högum er og sérstaklega umbunað fyrir að stíga fyrst fram og játa þátttöku sína í ólögum samráði. Er almennt séð mikilvægt að fyrirtæki sem rjúfa einingu eða samheldni í samráði eða hafa frumkvæði að því að játa slík brot eða upplýsa um þau njóti sérstakrar lækkunar á sektum, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2005, *Sjóvá-almennar tryggingar gegn samkeppnisráði.*

4.2 Viðurlög Sláturfélags Suðurlands og Reykjararðs

Viðurkennt er í málinu að Sláturfélag Suðurlands og Reykjararður brutu gegn 10. gr. samkeppnislaga og fallast félögin á að greiða 45 milljónir króna í stjórnvaldssekt. Sektin er lögð í einu lagi á fyrirtækin þar sem þau er hluti af sömu efnahagslegu einingu.

Við mat á fjárhæð sekta var meðal annars litið til þess að um var að ræða mjög alvarleg brot á 10. gr. samkeppnislaga sem voru til þess fallin að valda verulegri röskun á samkeppni í mikilvægum viðskiptum. Þá verður að líta til þess að Sláturfélag Suðurlands og Reykjararður eru í sterkri stöðu á skilgreindum mörkuðum sem kjötvinnslufyrirtækin starfa á og að brotin náðu yfir langt tímabil. Sem dæmi má nefna að markaðshlutdeild SS er allnokkur í sölu til matvöruverslana á bæði unnu svínakjöti og lambakjöti, eða [25-30]% í hvoru tilviki. Þá hefur Reykjararður yfirburði í framleiðslu og sölu á kjúklingakjöti til matvöruverslana eða um [45-50]%. SS og Reykjararður eru samanlagt stærstu söluaðilar á kjötvörum til verslana Bónuss. Hins vegar var horft til þess að félögin óskuðu að eigin frumkvæði eftir sáttaviðræðum og hafa undanbragðalaust játað brot sín á samkeppnislögum. Þá var við mat á sektum horft til [...] ²⁸ Einnig hafa félögin fallist á að hlíta fyrirmælum sem til þess eru fallin að efla samkeppni. Með þessum aðgerðum sínum hafa Sláturfélag Suðurlands og Reykjararður auðveldað rannsókn og málsmeðferð samkeppnisyfivalda sem hefur jákvæð samkeppnisleg áhrif á hinum skilgreinda markaði. Er horft til þessa samstarfsvilja fyrirtækisins við mat á sektum.

4.3 Viðurlög Kaupfélags Skagfirðinga

Fyrir liggur að Kaupfélag Skagfirðinga (í gegnum Kjötafurðastöð KS) braut gegn 10. gr. samkeppnislaga. Eins og áður er rakið var gerð sátt um málið við Samkeppniseftirlitið. Í sáttinni felst viðurkenning á framangreindum brotum og að félagið fellst á að greiða 40 milljónir króna í stjórnvaldssekt.

Við mat á fjárhæð sekta var meðal annars litið til þess að um var að ræða mjög alvarleg brot á 10. gr. samkeppnislaga sem voru til þess fallin að valda verulegri röskun á samkeppni. Kjötafurðastöð KS hefur sérhæft sig í slátrun og vinnslu lambakjöts og er með um [35-40]% af markaðnum fyrir sölu á fersku lambakjöti til matvöruverslana. Afurðastöðin vinnur hins vegar lítið aðrar kjöttegundir. Verslanir Bónuss kaupa stóran hluta þess kjöts sem Kjötafurðastöð KS vinnur þannig að afurðastöðin hefur nokkuð stóran hluta af sölu á fersku lambakjöti til verslana Bónuss. Þá verður að líta til þess að Kjötafurðastöð KS er hluti af fyrirtækjasamsteypu með mikinn efnahagslegan styrkleika og að brotin náðu yfir langt tímabil. Voru þessi atriði höfð til hliðsjónar við mat á sektum Kjötafurðastöðvar KS. Hins vegar var einnig litið til þess að Kaupfélag Skagfirðinga óskaði að eigin frumkvæði eftir sáttarviðræðum og hefur undanbragðalaust játað brot á samkeppnislögum. Einnig hefur félagið fallist á að hlíta fyrirmælum sem til þess eru fallin að efla samkeppni. Með þessum aðgerðum sínum hefur Kaupfélag Skagfirðinga auðveldað rannsókn og málsmeðferð samkeppnisyfivalda sem hefur jákvæð samkeppnisleg áhrif á hinum skilgreinda markaði. Er horft til þessa samstarfsvilja fyrirtækisins við mat á sektum.

²⁸ Fellt út vegna trúnaðar.

4.4 Viðurlög Norðlenska

Norðlenska hefur viðurkennt að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga og fallist á að greiða 30 milljónir króna í stjórnvaldssekt. Við mat á fjárhæð sekta var meðal annars litið til þess að um var að ræða mjög alvarleg brot á 10. gr. samkeppnislaga sem voru til þess fallin að valda verulegri röskun á samkeppni. Við mat á sektum var horft til þess að Norðlenska hefur sterka stöðu í vinnslu á flestum tegundum kjöts að kjúklingum undanskildum og að brotin náðu yfir langt tímabil. Þannig er hlutdeild Norðlenska í t.d. sölu á fersku svínakjöti til matvöruverslana [25-30]%, unnu nautakjöti [30-35]% og fersku og unnu lambakjöti [35-40]%. Til þess ber þó að líta að lítið af framleiðslu Norðlenska er selt í verslunum Bónuss. Þá óskaði Norðlenska að eigin frumkvæði eftir sáttarviðræðum og hefur undanbragðalaust játað brot sín á samkeppnislögum. Þá var við mat á sektum horft til [...] ²⁹ Einnig hefur félagið fallist á að hlíta fyrirmælum sem til þess eru fallin að efla samkeppni. Með þessum aðgerðum sínum hefur Norðlenska auðveldað og stýtt mjög rannsókn og málsmeðferð samkeppnisyfirvalda sem hefur jákvæð samkeppnisleg áhrif á hinum skilgreindu mörkuðum. Er horft til þessa samstarfsvilja fyrirtækisins við mat á sektum.

4.5 Viðurlög Kjarnafæðis

Ljóst er að Kjarnafæði braut gegn 10. gr. samkeppnislaga. Eins og áður er rakið var gerð sátt um málið við Samkeppniseftirlitið. Í sáttinni felst viðurkenning á framangreindum brotum og að félagið fellst á að greiða 20 milljónir króna í stjórnvaldssekt.

Við mat á fjárhæð sekta var meðal annars litið til þess að um var að ræða mjög alvarleg brot á 10. gr. samkeppnislaga sem voru til þess fallin að valda verulegri röskun á samkeppni. Þá verður að líta til þess að brotin náðu yfir langt tímabil. Kjarnafæði hefur talsverða hlutdeild á markaði fyrir sölu á unnu lambakjöti til matvöruverslana eða [25-30]%. Á flestum öðrum skilgreindum mörkuðum er hlutdeild Kjarnafæðis [10-15]% utan framleiðslu á kjúklingum þar sem fyrirtækið starfar ekki. Bónus er langstærsti viðskiptavinur Kjarnafæðis og hefur fyrirtækið því allnokkurn hlut í sölu á kjötvörum til verslanakeðjunnar. Var horft til þessara atriða við mat á sektum Kjarnafæðis. Hins vegar óskaði Kjarnafæði að eigin frumkvæði eftir sáttarviðræðum og hefur undanbragðalaust játað brot sín á samkeppnislögum. Þá var við mat á sektum horft til [...] ³⁰ Einnig hefur félagið fallist á að hlíta fyrirmælum sem til þess eru fallin að efla samkeppni. Með þessum aðgerðum sínum hefur Kjarnafæði auðveldað og stýtt mjög rannsókn og málsmeðferð samkeppnisyfirvalda sem hefur jákvæð samkeppnisleg áhrif á hinum skilgreindu mörkuðum. Er horft til þessa samstarfsvilja fyrirtækisins við mat á sektum.

4.6 Kjötbankinn

Í málinu er viðurkennt að Kjötbankinn hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Hins vegar liggur fyrir í málinu að Kjötbankinn var úrskurðaður gjaldþrota þann 27. júlí 2010. Samkeppniseftirlitið sneri sér til móðurfélags Kjötbankans, Brúarhöfða ehf., og gerði því grein fyrir því mati stofnunarinnar að unnt væri að beina sektarákvörðun vegna brota sem framin voru í nafni Kjötbankans að Brúarhöfða. Í kjölfarið bárust upplýsingar frá löggiltum endurskoðanda um stöðu Brúarhöfða. Kemur fram að [...] ³¹

²⁹ Fellt út vegna trúnaðar.

³⁰ Fellt út vegna trúnaðar

³¹ Fellt út vegna trúnaðar.

Umsvif Kjötbankans á markaði hafa ekki verið mikil. Brot Kjötbankans eru eftir sem áður þess eðlis að þau varða stjórnvaldssektum. Í ljósi framangreindra upplýsinga eru hins vegar ekki forsendur til þess að beita slíkum viðurlögum.

5. Fyrirmæli

Í 16. gr. samkeppnislaga segir að Samkeppniseftirlitið geti gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum og hvers konar athöfnum sem brjóta í bága við 10., 11. og 12. gr. laganna. Kemur fram að aðgerðir eftirlitsins geti falið í sér „hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að stöðva í reynd brot gegn ákvæðum laganna.“ Eins og nánar er rakið hafa kjötvinnslufyrirtækin og Hagar fallist á að hlíta tilteknum fyrirmælum sem ætlað er að stuðla að virkri samkeppni og vinna gegn frekari brotum á samkeppnislögum.

Eins og ítarlega hefur verið fjallað um hér að framan fela brot aðila í máli þessu í sér lóðrétt verðsamráð við sölu á kjötvörum í verslunum Bónuss. Samskiptin fólu það allajafna í sér að þau kjötvinnslufyrirtæki sem hér eiga hlut að máli sendu tillögur að smásöluverði og afslætti frá því verði til verslana Bónuss sem ýmist samþykkti tillögurnar eða sendi nýjar tillögur til baka. Einnig fylgdu tillögum kjötbirgja oft útreikningar sem sýndu framlegð eða álagningu verslana Bónuss. Þá liggja einnig fyrir í málinu skriflegir lóðréttir samningar sem tóku til endanlegs smásöluverðs. Einnig liggja fyrir tilkynningar kjötvinnslufyrirtækjanna um smásöluverð á vörum sínum sem voru liður í samráði um fasta hlutfallslega smásöluálagningu ofan á heildsöluverð.

Samkeppniseftirlitið telur ljóst að þau samskipti sem hér um ræðir eigi m.a. rót sína að rekja til umrædds verklags kjötvinnslufyrirtækja við forverðmerkingar fyrir endursöluaðila. Þannig hafa verslanir Bónuss ekki getað breytt smásöluverði eða veitt afslætti frá því verði nema þá helst í nánu samstarfi við kjötvinnslufyrirtækin. Má því segja að umrætt verklag hafi a.m.k. að hluta til leitt til þeirra samskipta sem um ræðir og fela þau í sér lóðrétt verðsamráð sem fer gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Með vísan til þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt sé að kjötvinnslufyrirtækin hætti alfarið forverðmerkingum fyrir endurseljendur, þ.m.t. verslanir Bónuss. Þá skulu verslanir Haga hætta að taka við forverðmerktum kjötvörum frá kjötvinnslufyrirtækjunum. Með þessu móti er unnið gegn frekari brotum og sköpuð skilyrði fyrir aukinni samkeppni í sölu á kjötvörum. Með sátt við Samkeppniseftirlitið hafa aðilar þessa máls fallist á að hlíta þeim skilyrðum sem tilgreind eru í ákvörðunarorði. Verður skilyrðum annars vegar gagnvart Högum og hins vegar kjötvinnslufyrirtækjunum nú nánar lýst.

5.1 Skilyrði Haga

Fyrirmælum þeim sem Hagar hafa fallist á að hlíta er ætlað að efla virka samkeppni og koma í veg fyrir að samskonar brot og fjallað er um í þessari ákvörðun verði framin á ný. Til að stuðla að þessu telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að Hagar og kjötvinnslufyrirtæki hætti alfarið öllum samskiptum um smásöluverð, afslátt frá smásöluverði og smásöluálagningu. Í þessu felst m.a. að starfsmenn verslana Haga skulu ekki eiga nein samskipti, t.d. með tölvupóstum, í síma eða á fundum, við starfsmenn kjötvinnslufyrirtækja sem taka til eða fjalla um smásöluverð, afslætti frá smásöluverði og smásöluálagningu. Einnig fallast Hagar á að fara ekki fram á það við kjötvinnslufyrirtæki

að þau merki vörur með smásöluverði eða afslætti frá því verði. Er þessum fyrirmælum ætlað að vinna gegn því að samskonar brot á 10. gr. samkeppnislaga verði framin á ný.

Forverðmerkingar kjötvinnslufyrirtækja fyrir matvöruverslanir hafa tíðkast lengi. Er því eðlilegt að bæði verslanir Haga og þau kjötvinnslufyrirtæki sem um ræðir fái aðlögunartíma til að breyta fyrirkomulagi verðmerkinga.

Markmið skilyrðanna er að frá og með 1. mars 2011 muni verslanir undir yfirráðum Haga hætta að taka við vörum frá kjötbirgjum sem merktar eru með leiðbeinandi smásöluverði og eru jafnframt staðlaðar hvað varðar magn, umbúðir og innihald. Með stöðluðu magni er átt við að allar sölueiningar af sömu vörutegund séu því sem næst eins að þyngd og/eða rúmmáli. Hagar skulu a.m.k. frá og með nefndum degi sjálfir ákveða hvernig merkingu smásöluverðs á umræddum vörum er háttað. Samkeppniseftirlitið gerir ráð fyrir því að vörutegundum þar sem þyngd er stöðluð muni fjölga frá því sem nú er enda hafa kjötvinnslufyrirtæki þau sem gert hafa sátt við Samkeppniseftirlitið skuldbundið sig til þess að leitast við að auka, eftir því sem unnt er, framleiðslu á kjötvörum í umbúðum af staðlaðri þyngd. Þannig má t.d. ætla að allt kjöthakk, kjötfars, hamborgarar, mikið unnar áleggstegundir o.fl. vörur sem hingað til hafa ekki verið í pakkningum af staðlaðri þyngd verði það í framtíðinni.

Eftir 1. júní 2011 munu verslanir Haga alfarið hætta að taka við vörum frá kjötvinnslufyrirtækjum sem merktar eru með smásöluverði, hvort sem um er að ræða leiðbeinandi eða fast smásöluverð. Hagar skulu a.m.k. frá og með nefndum degi sjálfir ákveða hvernig merkingu smásöluverðs á umræddum vörum er háttað. Eftir þetta tímamark er Högum þannig óheimilt að taka við neinum vörum frá kjötvinnslufyrirtækjum sem merktar eru með smásöluverði. Á það einnig við um þær vörur sem framleiddar eru undir vörumerkjum verslana Haga. Á vörunum verða hins vegar upplýsingar um þyngd, framleiðsludag, síðasta söludag o.fl., sbr. nánar reglugerð nr. 503/2005, um merkingu matvæla.

Samkeppniseftirlitið gerir ráð fyrir að sá frestur sem Högum er veittur til að aðlagast skilyrðunum verði notaður til að ráða fram úr því hvernig verslanakeðjur fyrirtækisins muni standa að verðmerkingum á vörum þar sem ekki er unnt að staðla þyngd í pakkningum, sbr. reglur nr. 725/2008, um verðmerkingar og verðupplýsingar. Verklag í tengslum við verðmerkingar mun að öðru leyti ráðast af samkeppni í þjónustu, neytendalöggjöf og eftirliti Neytendastofu.

Í ljósi þess samráðs sem tíðkast hefur á milli verslana Bónuss annars vegar og kjötvinnslufyrirtækja (sem gert hafa sátt við Samkeppniseftirlitið) hins vegar um m.a. afslætti frá smásöluverði telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að setja Högum skilyrði um að afslættir séu ekki veittir nema um raunlækkun sé að ræða frá gildandi smásöluverði. Verðkönnun Samkeppniseftirlitsins sem getið var um hér í upphafi sýnir að verðmunur á kjötvörum sem eru verðmerktar með leiðbeinandi smásöluverði er mjög takmarkaður á milli verslana og mun minni en á vörum sem verslanir verðmerkja sjálfar. Verðsamkeppni á forverðmerktum vörum birtist helst í því að verslanir (þá helst lágvöruverðsverslanir) veita afslátt frá hinu leiðbeinandi verði. Getur sá afsláttur numið allt frá 10-30% og jafnvel getur hann verið enn hærri í einstaka tilvikum. Fullt tilefni er til að setja fyrirvara við þær afsláttartölur sem oft á tíðum birtast á forverðmerktum

matvælum, sérstaklega í lágvöruverðsverslunum þar sem oft á tíðum er veittur fastur afsláttur sem nemur 5-10%. Þá er ekki óalgengt að hærri fastir afslættir séu ávallt eða mjög oft í boði á sömu vörutegundunum. Hér er því m.ö.o. um að ræða afslætti frá tilteknu verði sem jafnvel hefur aldrei staðið neytendum til boða í viðkomandi verslunum. Slíkt er óheimilt skv. neytendalöggjöf. Ekki þarf að fjölyrða um ógagnsæi slíkrar verðlagningar á samkeppnismörkuðum, þar sem í raun er verið að villa um fyrir neytendum með því að gefa til kynna að vara sé á tilboði (t.d. 10% afslætti) þegar í raun er aðeins verið að selja hana við því verði sem almennt gildir í viðkomandi verslun. Sökum þessa telur Samkeppniseftirlitið einnig nauðsynlegt að mæla fyrir um það að verslanir Haga bjóði ekki afslætti frá smásöluverði á kjötvörum nema að um raunverulegt frávik sé að ræða frá því verði sem verslanirnar hafa boðið á viðkomandi vörum um nokkurn tíma. Þannig er t.d. óraunhæft að bjóða afslátt af vöru sem nýlega hefur verið tekin í sölu. Sem fyrr segir skulu verslanir Haga sjálfar koma á merkingum um afslætti á vörur sínar (hvert stk.) eða við hillu.

5.2 Skilyrði kjötvinnslufyrirtækja

Fyrirmælum þeim sem kjötvinnslufyrirtækin hafa fallist á að hlíta er ætlað að efla virka samkeppni og koma í veg fyrir að samskonar brot verði framin á ný. Til að tryggja virka samkeppni í sölu á þeim mörkuðum sem mál þetta varðar telur Samkeppniseftirlitið í fyrsta lagi nauðsynlegt að þau kjötvinnslufyrirtæki sem um ræðir, þ.e. Sláturfélag Suðurlands, Reykjagarður, Kaupfélag Skagfirðinga, Norðlenska og Kjarnafæði hætti alfarið öllum samskiptum við endurseljendur um smásöluverð, afslátt frá smásöluverði og smásöluálagningu. Í þessu felst m.a. að starfsmenn þessara kjötvinnslufyrirtækja skulu ekki eiga nein samskipti, t.d. með tölvupóstum, í síma eða á fundum, við starfsmenn t.d. smásala sem fjalla um smásöluverð, afslætti frá smásöluverði og smásöluálagningu. Er þessum fyrirmælum ætlað að vinna gegn því að samskonar brot á 10. gr. samkeppnislaga verði framin á ný.

Fyrirmælum er ekki beint til Kjötbankans þar sem það fyrirtæki hefur hætt starfsemi.

Þá kemur skýrt fram í fyrirmælunum að þessum kjötvinnslufyrirtækjum er óheimilt að gefa út eða birta leiðbeinandi eða fast smásöluverð á vörum sínum. Tekur þetta t.d. til útgáfu á verðlista þar sem birt er smásöluverð. Er þetta skilyrði einnig liður í að vinna gegn brotum á samkeppnislögum og efla verðsamkeppni á þessu sviði.

Í skilyrðunum sem varða kjötvinnslufyrirtækin er þeim veittur sami aðlögunartími og verslunum Haga til að breyta fyrirkomulagi við merkingar á kjöti. Þannig skulu þau fyrir 1. mars 2011 hætta að merkja með leiðbeinandi smásöluverði vörur sem eru staðlaðar hvað varðar magn, umbúðir og innihald. Með stöðluðu magni er sem fyrr segir átt við að allar söluveiningar af sömu vörutegund séu því sem næst eins að þyngd og/eða rúmmáli. Einnig telur Samkeppniseftirlitið mikilvægt að beina því til kjötvinnslufyrirtækja að þau leitist við að vinna og pakka sem flestum vörum sínum þannig að þær séu að staðlaðri þyngd. Hafa fyrirtækin skuldbundið sig til þessa. Að mati Samkeppniseftirlitsins má því ætla að allt kjöthakk, kjötfars, hamborgarar, mikið unnar áleggstegundir o.fl. sem hingað til hefur ekki verið af staðlaðri þyngd geti orðið það í framtíðinni.

Eftir 1. júní 2011 skulu allar vörur frá kjötvinnslufyrirtækjum verða afgreiddar án smásöluverðmerkinga til smásala, þ.m.t. verslana Haga. Á það við um allar vörur, einnig

þær sem framleiddar eru undir vörumerkjum viðkomandi verslana eða verslanakeðja. Á vörunum verða hins vegar upplýsingar um þyngd, framleiðsludag, síðasta söludag o.fl., sbr. reglugerð nr. 503/2005, um merkingu matvæla.

Með gerð þessara sáttá er málinu að fullu lokið, varðandi framangreind brot, gagnvart Högum, Sláturfélagi Suðurlands, Reykjagarði, Kaupfélagi Skagfirðinga, Norðlenska, Kjarnafæði og Kjötbankanum.

III.
Ákvörðunarorð:

1. gr.

„Með sátt, dags. 23. september 2010, er gengist við því að Hagar hf. hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fallist er á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 270.000.000. Til að stuðla að virkri samkeppni á þeim mörkuðum sem Hagar hf. starfa á fellst félagið á að hlíta eftirfarandi skilyrðum:

1. Hagar skulu hætta öllum samskiptum við kjötbirgja um smásöluverð í verslunum Haga, afslátt frá smásöluverði og smásöluálagningu. Í þessu felst m.a. að starfsmenn verslana Haga skulu ekki eiga nein samskipti, t.d. með tölvupóstum, í síma eða á fundum, við starfsmenn kjötbirgja sem taka til eða fjalla um smásöluverð, afslætti frá smásöluverði og smásöluálagningu.

Með hugtakinu kjötbirgir í ákvörðun þessari er átt við kjötvinnslufyrirtæki og öll önnur fyrirtæki sem selja kjötvörur til verslana Haga.

2. Hagar skulu ekki fara fram á það við kjötbirgja að þeir merki vörur fyrir verslanir Haga með smásöluverði eða afslætti frá því verði. Sama á einnig við um vörur sem kunna að vera framleiddar undir vörumerkjum verslana Haga eða af kjötbirgjum í eigu Haga.
3. Hagar skulu frá og með 1. mars 2011 hætta að taka við vörum frá kjötbirgjum sem merktar eru með leiðbeinandi smásöluverði og eru jafnframt staðlaðar hvað varðar magn, umbúðir og innihald. Með stöðluðu magni er átt við að allar sölueiningar af sömu vörutegund séu því sem næst eins að þyngd og/eða rúmmáli. Hagar skulu eigi síðar en frá nefndum degi ákveða sjálfir hvernig merkingu smásöluverðs á umræddum vörum er háttað.
4. Hagar skulu frá og með 1. júní 2011 alfarið hætta að taka við vörum frá kjötbirgjum með smásöluverði. Hagar skulu eigi síðar en frá nefndum degi ákveða sjálfir hvernig merkingu smásöluverðs á umræddum vörum er háttað.
5. Hagar skulu ekki gefa upp afslátt á kjötvörum nema um raunverulega lækkun frá gildandi smásöluverði sé að ræða. Með gildandi smásöluverði er átt við það verð sem viðkomandi verslun hefur boðið vöru á í tiltekinn tíma.

Þau fyrirmæli sem felast í ákvörðun þessari skulu kynnt fyrir hlutaðeigandi starfsmönnum Haga. Stjórnarmenn og hlutaðeigandi starfsmenn Haga skulu undirrita sérstaka yfirlýsingu um að þeir muni fara eftir framangreindu.

Fyrir 1. júlí 2011 skulu Hagar upplýsa Samkeppniseftirlitið um aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að fara að fyrirmælum þessarar ákvörðunar.

Ef sannanlega koma upp ófyrirséð atvik eða aðstæður sem gera Högum ómögulegt eða mjög erfitt að framkvæma þau fyrirmæli sem fram koma í 1.-5. tl. geta Hagar óskað eftir því að Samkeppniseftirlitið breyti fyrirmælunum. Slík beiðni Haga um endurupptöku skal vera rökstudd.

Óski Hagar eftir því fyrir 1. mars 2011, skal Samkeppniseftirlitið taka til sérstakrar athugunar hvort þörf sé á því að fyrirmæli 1.-5. tl. gildi um kjötbirgja í eigu Haga. Við mat á þessu mun Samkeppniseftirlitið horfa m.a. til þróunar og aðstæðna á mörkuðum sem tengjast viðskiptum með kjötvörur.

Brot á framangreindum fyrirmælum varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Ákvörðun þessi tekur til allra matvöruverslana á Íslandi sem eru undir beinum eða óbeinum yfirráðum Haga. Ákvörðun þessi gildir einnig að breyttu breytanda um fyrirtæki sem að hluta til eða öllu leyti kunna að taka við starfsemi, skyldum eða réttindum Haga. Skilyrði þau sem fram koma í 1.-5. tl. gilda þó ekki um verslanir sem skildar hafa verið frá Högum eða skildar verða frá Högum eftir undirritun sáttarinnar og lúta ekki lengur beinum eða óbeinum yfirráðum Haga. Með „skildar frá Högum“ er átt við uppskiptingu, sölu og annað það sem felur í sér að verslun eða verslanir eru teknar út úr Högum.

2. gr.

Með sátt, dags. 1. október 2010, er gengist við því að Sláturfélag Suðurlands svf. og Reykjagarður hf. hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fallist er á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 45.000.000. Til að stuðla að virkri samkeppni á þeim mörkuðum sem Sláturfélag Suðurlands svf. og Reykjagarður hf. starfa á fallast félögin á að hlíta eftirfarandi skilyrðum:

- 1. Sláturfélag Suðurlands og Reykjagarður skulu hætta öllum afskiptum af smásöluverði, afslætti frá smásöluverði og smásöluálagningu matvöruverslana og annarra endursöluaðila á vörum sem Sláturfélag Suðurlands og Reykjagarður selja þeim. Í þessu felst m.a. að starfsmenn Sláturfélags Suðurlands og Reykjagarðs skulu ekki eiga nein samskipti við endurseljendur og starfsmenn þeirra sem lúta að smásöluverði, afslætti frá smásöluverði eða smásöluálagningu, t.d. með tölvupóstum, í síma eða á fundum.**
- 2. Sláturfélagi Suðurlands og Reykjagarði er óheimilt að gefa út eða birta leiðbeinandi eða fast smásöluverð á vörum sínum.**
- 3. Sláturfélag Suðurlands og Reykjagarður skulu fyrir 1. mars 2011 hætta að merkja með leiðbeinandi smásöluverði vörur sem eru staðlaðar hvað varðar magn, umbúðir og innihald. Með stöðluðu magni er átt við að allar**

sölueiningar af sömu vörutegund séu því sem næst eins að þyngd og/eða rúmmáli.

Sláturfélag Suðurlands og Reykjagarður skulu leitast við að framleiða allar unnar kjötvörur þar sem þess er kostur í umbúðum af staðlaðri þyngd. Hér er t.d. átt við vörur eins og kjöthakk, hamborgara, pylsur, bjúgu, tilteknar tegundir áleggs og tilbúna rétti.

4. Sláturfélag Suðurlands og Reykjagarður skulu fyrir 1. júní 2011 hætta með öllu að merkja vörur sínar með smásöluverði. Á þetta jafnt við um leiðbeinandi verð og fast verð á vörum. Gildir þá einu hvort varan er framleidd undir vörumerki Sláturfélags Suðurlands, Reykjagarðs eða vörumerki tiltekinnar verslunar eða verslanakeðju.

Þau fyrirmæli sem felast í ákvörðun þessari skulu kynnt fyrir hlutaðeigandi starfsmönnum Sláturfélags Suðurlands og Reykjagarðs og þeim sem endurselja framleiðsluvörur fyrirtækisins í smásölu. Stjórnarmenn og hlutaðeigandi starfsmenn Sláturfélags Suðurlands og Reykjagarðs skulu undirrita sérstaka yfirlýsingu um að þeir muni fara eftir framangreindu.

Fyrir 1. júlí 2011 skulu Sláturfélag Suðurlands og Reykjagarður upplýsa Samkeppniseftirlitið um aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að fara að fyrirmælum þessarar ákvörðunar.

Ef sannanlega koma upp ófyrirséð atvik eða aðstæður sem gera Sláturfélagi Suðurlands og Reykjagarði ómögulegt eða mjög erfitt að fara að þeim fyrirmælum sem fram koma í 1.-4. tl. geta félögin óskað eftir því að Samkeppniseftirlitið breyti fyrirmælunum. Slík beiðni Sláturfélags Suðurlands og Reykjagarðs um endurupptöku skal vera rökstudd.

Brot á framangreindum fyrirmælum varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Ákvörðun þessi gildir einnig að breyttu breytanda um fyrirtæki sem að hluta til eða öllu leyti kunna að taka við starfsemi, skyldum eða réttindum Sláturfélags Suðurlands og Reykjagarðs.

3. gr.

Með sátt, dags. 1. október 2010, er gengist við því að Kaupfélag Skagfirðinga svf. (í gegnum Kjötafurðastöð KS) hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fallist er á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 40.000.000. Til að stuðla að virkri samkeppni á þeim mörkuðum sem Kaupfélag Skagfirðinga starfar á fellst félagið á að hlíta eftirfarandi skilyrðum:

1. Kaupfélag Skagfirðinga skal hætta öllum afskiptum af smásöluverði, afslætti frá smásöluverði og smásöluálagningu matvöruverslana og annarra endursöluaðila á vörum sem Kaupfélag Skagfirðinga selur þeim. Í þessu felst m.a. að starfsmenn Kaupfélags Skagfirðinga skulu ekki eiga

nein samskipti við endurseljendur og starfsmenn þeirra sem lúta að smásöluverði, afslætti frá smásöluverði eða smásöluálagningu, t.d. með tölvupóstum, í síma eða á fundum.

2. Kaupfélag Skagfirðinga er óheimilt að gefa út eða birta leiðbeinandi eða fast smásöluverð á vörum sínum.
3. Kaupfélag Skagfirðinga skal fyrir 1. mars 2011 hætta að merkja með leiðbeinandi smásöluverði vörur sem eru staðlaðar hvað varðar magn, umbúðir og innihald. Með stöðluðu magni er átt við að allar söluveiningar af sömu vörutegund séu því sem næst eins að þyngd og/eða rúmmáli.

Kaupfélag Skagfirðinga skal leitast við að framleiða allar unnar kjötvörur þar sem þess er kostur í umbúðum af staðlaðri þyngd. Hér er t.d. átt við vörur eins og kjóthakk, hamborgara, pylsur, bjúgu, tiltekna tegundir áleggs og tilbúna rétti.

4. Kaupfélag Skagfirðinga skal fyrir 1. júní 2011 hætta með öllu að merkja vörur sínar með smásöluverði. Á þetta jafnt við um leiðbeinandi verð og fast verð á vörum. Gildir þá einu hvort varan er framleidd undir vörumerki Kaupfélags Skagfirðinga eða vörumerki tiltekinnar verslunar eða verslanakeðju.

Þau fyrirmæli sem felast í ákvörðun þessari skulu kynnt fyrir hlutaðeigandi starfsmönnum Kaupfélags Skagfirðinga og þeim sem endurselja framleiðsluvörur fyrirtækisins í smásölu. Stjórnarmenn og hlutaðeigandi starfsmenn Kaupfélags Skagfirðinga skulu undirrita sérstaka yfirlýsingu um að þeir muni fara eftir framangreindu.

Fyrir 1. júlí 2011 skal Kaupfélag Skagfirðinga upplýsa Samkeppniseftirlitið um aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að fara að fyrirmælum þessarar ákvörðunar.

Ef sannanlega koma upp ófyrirséð atvik eða aðstæður sem gerir Kaupfélagi Skagfirðinga ómögulegt eða mjög erfitt að fara að þeim fyrirmælum sem fram koma í 1.-4. tl. getur félagið óskað eftir því að Samkeppniseftirlitið breyti fyrirmælunum. Slík beiðni Kaupfélags Skagfirðinga um endurupptöku skal vera rökstudd.

Brot á framangreindum fyrirmælum varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Ákvörðun þessi gildir einnig að breyttu breytanda um fyrirtæki sem að hluta til eða öllu leyti kunna að taka við starfsemi, skyldum eða réttindum Kaupfélags Skagfirðinga.

4. gr.

Með sátt, dags. 6. október 2010, er gengist við því að Norðlenska hf. hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fallist er á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 30.000.000. Til að stuðla að virkri samkeppni á þeim mörkuðum sem Norðlenska starfar á fellst félagið á að hlíta eftirfarandi skilyrðum:

1. Norðlenska skal hætta öllum afskiptum af smásöluverði, afslætti frá smásöluverði og smásöluálagningu matvöruverslana og annarra endursöluaðila á vörum sem Norðlenska selur þeim. Í þessu felst m.a. að starfsmenn Norðlenska skulu ekki eiga nein samskipti við endurseljendur og starfsmenn þeirra sem lúta að smásöluverði, afslætti frá smásöluverði eða smásöluálagningu, t.d. með tölvupóstum, í síma eða á fundum.
2. Norðlenska er óheimilt að gefa út eða birta leiðbeinandi eða fast smásöluverð á vörum sínum.
3. Norðlenska skal fyrir 1. mars 2011 hætta að merkja með leiðbeinandi smásöluverði vörur sem eru staðlaðar hvað varðar magn, umbúðir og innihald. Með stöðluðu magni er átt við að allar sölueiningar af sömu vörutegund séu því sem næst eins að þyngd og/eða rúmmáli.

Norðlenska skal leitast við að framleiða allar unnar kjötvörur þar sem þess er kostur í umbúðum af staðlaðri þyngd. Hér er t.d. átt við vörur eins og kjöthakk, hamborgara, pylsur, bjúgu, tiltekna tegundir áleggs og tilbúna rétti.

4. Norðlenska skal fyrir 1. júní 2011 hætta með öllu að merkja vörur sínar með smásöluverði. Á þetta jafnt við um leiðbeinandi verð og fast verð á vörum. Gildir þá einu hvort varan er framleidd undir vörumerki Norðlenska eða vörumerki tiltekinnar verslunar eða verslanakeðju.

Þau fyrirmæli sem felast í ákvörðun þessari skulu kynnt fyrir hlutaðeigandi starfsmönnum Norðlenska og þeim sem endurselja framleiðsluvörur fyrirtækisins í smásölu. Stjórnarmenn og hlutaðeigandi starfsmenn Norðlenska skulu undirrita sérstaka yfirlýsingu um að þeir muni fara eftir framangreindu.

Fyrir 1. júlí 2011 skal Norðlenska upplýsa Samkeppniseftirlitið um aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að fara að fyrirmælum þessarar ákvörðunar.

Ef sannanlega koma upp ófyrirséð atvik eða aðstæður sem gerir Norðlenska ómögulegt eða mjög erfitt að fara að þeim fyrirmælum sem fram koma í 1.-4. tl. getur félagið óskað eftir því að Samkeppniseftirlitið breyti fyrirmælunum. Slík beiðni Norðlenska um endurupptöku skal vera rökstudd.

Brot á framangreindum fyrirmælum varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Ákvörðun þessi gildir einnig að breyttu breytanda um fyrirtæki sem að hluta til eða öllu leyti kunna að taka við starfsemi, skyldum eða réttindum Norðlenska.

5. gr.

Með sátt, dags. 8. október 2010, er gengist við því að Kjarnafæði hf. hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fallist er á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 20.000.000. Til að stuðla að virkri samkeppni á þeim mörkuðum sem Kjarnafæði starfar á fellst félagið á að hlíta eftirfarandi skilyrðum:

1. Kjarnafæði skal hætta öllum afskiptum af smásöluverði, afslætti frá smásöluverði og smásöluálagningu matvöruverslana og annarra endursöluaðila á vörum sem Kjarnafæði selur þeim. Í þessu felst m.a. að starfsmenn Kjarnafæðis skulu ekki eiga nein samskipti við endurseljendur og starfsmenn þeirra sem lúta að smásöluverði, afslætti frá smásöluverði eða smásöluálagningu, t.d. með tölvupóstum, í síma eða á fundum.
2. Kjarnafæði er óheimilt að gefa út eða birta leiðbeinandi eða fast smásöluverð á vörum sínum.
3. Kjarnafæði skal fyrir 1. mars 2011 hætta að merkja með smásöluverði vörur sem eru staðlaðar hvað varðar magn, umbúðir og innihald. Með stöðluðu magni er átt við að allar söluveiningar af sömu vörutegund séu því sem næst eins að þyngd og/eða rúmmáli.

Kjarnafæði skal leitast við að framleiða allar unnar kjötvörur þar sem þess er kostur í umbúðum af staðlaðri þyngd. Hér er t.d. átt við vörur eins og kjöthakk, hamborgara, pylsur, bjúgu, tiltekna tegundir áleggs og tilbúna rétti sem hafa hingað til ekki verið framleiddar samkvæmt staðlaðri þyngd.

4. Kjarnafæði skal fyrir 1. júní 2011 hætta með öllu að merkja vörur sínar með smásöluverði. Gildir þá einu hvort varan er framleidd undir vörumerki Kjarnafæðis eða vörumerkis tiltekinnar verslunar eða verslanakeðju.

Þau fyrirmæli sem felast í ákvörðun þessari skulu kynnt fyrir hlutaðeigandi starfsmönnum Kjarnafæðis og þeim sem endurselja framleiðsluvörur fyrirtækisins í smásölu. Stjórnarmenn og hlutaðeigandi starfsmenn Kjarnafæðis skulu undirrita sérstaka yfirlýsingu um að þeir muni fara eftir framangreindu.

Fyrir 1. júlí 2011 skal Kjarnafæði upplýsa Samkeppniseftirlitið um aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að fara að fyrirmælum þessarar ákvörðunar.

Ef sannanlega koma upp ófyrirséð atvik eða aðstæður sem gera Kjarnafæði ómögulegt eða mjög erfitt að framkvæma þau fyrirmæli sem fram koma í 1.-4.

tl. getur Kjarnafæði óskað eftir því að Samkeppniseftirlitið breyti fyrirmælunum. Slík beiðni Kjarnafæðis um endurupptöku skal vera rökstudd.

Brot á þeim framangreindum fyrirmælum varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Ákvörðun þessi gildir einnig að breyttu breytanda um fyrirtæki sem að hluta til eða öllu leyti kunna að taka við starfsemi, skyldum eða réttindum Kjarnafæðis.

6. gr.

Með sátt, dags. 12. nóvember 2010, er gengist við því að Kjötbankinn ehf. hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.”

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson